

Ósk um tilnefningu í raflínunefnd vegna Holtavörðuheildarlínu 1

Til : Skorradalshreppur <skorradalur@skorradalur.is>
Frá : Kristín Sandra Karlsdóttir <kristin.s.karlsdottir@frn.is>
Heiti : Ósk um tilnefningu í raflínunefnd vegna Holtavörðuheildarlínu 1
Málsnúmer : 2602014
Málsaðili : Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skráð dags : 12.02.2026 09:28:48
Höfundur : Kristín Sandra Karlsdóttir <kristin.s.karlsdottir@frn.is>

Viðhengi image001.pngimage001.png

Tilvísun í mál: FRN26010165

Góðan dag,

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið óskar eftir tilnefningu fulltrúa Skorradalshrepps í raflínunefnd vegna Holtavörðuheildarlínu 1, sbr. ákvörðun félags- og húsnæðismálaráðherra 14. nóvember sl. að verða við beiðni Landsnets um skipun nefndarinnar.

Hlutverk raflínunefndar er að annast gerð raflínuskipulags, veita framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku sem byggjast á samþykktu kerfisáætlun og hafa eftirlit með þeim framkvæmdum og framkvæmd raflínuskipulagsins. Tilgangur þess að skipa raflínunefnd er að brúa ágreining og tryggja að stórframkvæmdir, sem varða mikilvæga þjóðarhagsmunum, geti gengið eftir á málefnalegan og skilvirkan hátt.

Raflínunefndin er skipuð fulltrúum Borgarbyggðar, Húnaþings vestra, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis og félags- og húsnæðismálaráðuneytis, sem jafnframt fer með formennsku.

Samþykki meiri hluta nefndar þarf til að afgreiða einstök mál, að því undanskildu að einróma samþykki þarf vegna tillögu að raflínuskipulagi, sbr. 3. mgr. 11. gr. d. Falli atkvæði jafnt skal slíkum ágreiningi vísað til ráðherra, sbr. 4. mgr. 11. gr. d. Skipan nefndarinnar skal gilda þar til framkvæmd er lokið. Sveitarstjórnunum er heimilt að afloknum sveitarstjórnarkosningum að tilnefna nýjan fulltrúa sinn í nefndina.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðili sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í hópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Ráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 26. febrúar nk. Vinsamlega látið kennitölu, heimilis- og netfang viðkomandi fylgja tilnefningu.

Kveðja,

Kristín Sandra



Kristín Sandra Karlsdóttir
sérfræðingur / Special Advisor

Skrifstofa húsnæðis- og skipulagsmála / Department of Housing and Planning
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Housing
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.frn.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing